

Þingfundargerð 22. þings Keilusambands Íslands
5. maí 2015 í KR-heimilinu,
Frostaskjóli 2, Reykjavík.

1. Þingsetning.

Þórarinn Már Þorbjörnsson, formaður KLÍ setti þingið kl. 17:30.
Mínútu þögn var til minningar um þá keilara sem féllu frá á tímabilinu.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þórarinn Már Þorbjörnsson tilnefndi Hafstein Pálsson þingforseta og Rögnu Matthíasdóttur þingritara og voru þau samþykkt samhljóða.
Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þess, en svo var ekki.

3. Kosnar fastanefndir.

Fyrir lágu tillögur um fulltrúa í allar nefndir. Einungis tveir voru tilnefndir í kjörbréfanefnd, stungið var upp á að bæta Birni Kristinssyni við og var það samþykkt samhljóða. Magnús Reynisson, sem tilnefndur var í fjárhagsnefnd, gaf ekki kost á sér, stungið var upp á að Jón Grímsson kæmi í hans stað og var það samþykkt samhljóða.

a) Kjörbréfanefnd:

Svavar Þór Einarsson
Þórunn S. Jónsdóttir
Björn Kristinsson

b) Fjárhagsnefnd:

Sigríður Klemensdóttir
Valgeir Guðbjartsson
Jón Grímsson

c) Laga- og leikreglanefnd:

Ásgrímur Helgi Einarsson
Hafþór Harðarson
Stefán Claessen
Bragi Már Bragason

d) Allsherjarnefnd:

Guðjón Júlíusson
Hannes Jón Hannesson
Þorleifur Jón Hreiðarsson

e) Kjörnefnd:

Unnur Vilhjálmsdóttir
Daníel Rodríguez
Jóhannes Ragnar Ólafsson

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Þórarinn Már Þorbjörnsson fór yfir skýrslu stjórnar. Keila var iðkuð hjá 5 félögum frá 3 héraðssamböndum á síðasta keppnistímabili. Keppendum fjölgaði lítillega á árinu og er útlit fyrir enn frekari aukningu á næstu árum. Fjöldmörg verkefni voru hjá ungmenna- og fullorðinslandsliðunum, m.a. heimsmeistaramót ungmenna, en þar endaði Arnar Davíð Jónsson í 22. sæti. Stærsti viðburðurinn á

síðasta ári var Evrópubikarmót einstaklinga, sem var haldið í október í Egilshöllinni. Það tókst mjög vel í alla staði og verður Evrópumót unglunga haldið hér á landi árið 2016. Keiluhöllinni í Öskjuhlíð var lokað 1. mars s.l., líka stóð til að loka Egilshöllinni og opna smávöruverslun þar, en samningar tókust um að halda salnum opnum. Við höfum því helmingi færri brautir á næsta keppnistímabili, en fram að þessu og getur það valdið erfiðleikum með niðurröðun móta. Við gætum jafnvel þurft að eyða meiru af helgum í keilusalnum, fáum t.d. ekki salinn á fimmtudagskvöldum.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Jón Grímsson, gjaldkeri KLÍ, fór yfir ársreikningana. Rekstur sambandsins gekk vel á síðasta ári og var hagnaður ársins 1,9 m.kr. Þingforseti gaf orðið laust um reikningana. Hafþór Harðarson spyr í hvað afrekssjóður ÍSÍ sé notaður, PMP svarar að hann fari til landsliðsverkefna. Enginn kom með athugasemd við reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

Svavar Þór Einarsson tók til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar. Mættir voru 26 þingfulltrúar af 37. Mættir voru: 10 frá ÍR, 9 frá KFR, 5 frá KR og 2 frá Þór. Vantaði: 5 frá KFA (þ.e. alla fulltrúana) og 3 frá ÞÓR. Einnig áttu héraðssamböndin ÍA, ÍBR og ÍBA einn fulltrúa hvert og mætti enginn frá þeim. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti, ávarpaði þingið og flutti kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki ÍSÍ og þakkaði samstarfið á liðnum árum. Mikið er um að vera á vegum ÍSÍ, íþróttarþingi er nýlokið, smáþjóðaleikarnir eru í byrjun júní og er það mjög stórt verkefni. Einnig er hjólað í vinnuna framundan, kvennahlaupið í júní og Lífshlaupið er í gangi. Sumarólympíuleikar eru svo í Brasilíu í ágúst 2016.

Þingforseti gaf Sigmar Vilhjálmsyni, nýjum eiganda Keiluhallarinnar í Egilshöll, orðið. Hann segir reksturinn spennandi og krefjandi verkefni og telur framtíð keilunnar bjarta. Það sé hins vegar ekki rekstrargrundvöllur fyrir tvo sali í Reykjavík í dag, en verður það væntanlega í framtíðinni. Fyrsta verk nýrra eigenda var að leggja inn stóra pöntun á varahlutum í vélar og brautir, fyrirbyggjandi viðhaldi hafði ekki verið sinnt lengi. Vonandi skilar það sér í betri þjónustu og minni bilunum þegar fram líða stundir. Það verður púsluspil að koma öllum mótum fyrir næsta vetur. Fimmtudags – laugardagskvöld + laugardagar og sunnudagar eru mest sóttu tímarnir af almenningi. Væntanlega þarf að færa utandeild af fimmtudagskvöldum yfir á miðvikudagskvöld. Mánudags – miðvikudagskvöld henta best fyrir keppniskeiluna, ásamt laugardags- og sunnudagsmorgnum og sunnudagskvöldum. Nýr aðalinngangur verður gerður í keilusalinn, gengið verður inn við sportbarinn og þar verður bætt við bílastæðum. Júlí verður notaður til endurbóta á salnum, en það verður þó opið. Sigmar biður um athugasemdir frá tækninefnd varðandi það sem betur má fara. Leggja þarf áherslu á að bæta aðstöðuna, skapa stemningu og jákvæða umgjörð um íþróttina, þá eykst áhuginn í kjölfarið. Einnig þarf að vekja áhuga fjölmiðla á íþróttinni. Verið er að skoða að koma upp æfingaaðstöðu fyrir félögin. Ekki er hægt að gefa út verð fyrir næsta tímabil fyrr en eitthvað skýrist í kjarasamningum. Það þarf að endurskoða afslætti á æfingakortum fyrir keilara. E.t.v. væri hægt að nýta dauða tíma, t.d. fyrri part dags, til æfinga. Hugsanlega væri betra að hafa skiptakort

heldur en Gullkortin og hafa þá jafnvel olúburð innifalinn. Hafþór spyr hvort hægt verði að útbúa geymslupláss fyrir töskur o.þ.h. Sigmar segir að ekki sé mikið pláss í keiluhöllinni sjálfri, en nóg pláss í Egilshöllinni og það verði tekið upp við Reginn að útbúa skápa og rými fyrir búningaaðstöðu o.fl. Almenn ánægja var með það sem fram kom í máli Sigmars og Hafsteinn þakkar honum fyrir sitt innlegg.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Jón Grímsson gjaldkeri fór yfir **fjárhagsáætlunina - þingskjal nr. 1**. Áætlaðar tekjur umfram gjöld fyrir árið 2015 eru 243.000,- Fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Öllum laga- og leikreglnabreytingum var vísað til laga- og leikreglnanefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engar aðrar tillögur höfðu verið lagðar fram, en samþykkt var að tillaga frá Magnúsi Reynissyni, sem ekki hafði verið kynnt áður, yrði lögð fram. Tillagan gengur út á að tekið verði á framtíðarstefnu KLÍ í tölvumálum og farið í brynar úrbætur á þeim. Ýmislegt má betur fara og þarf að laga strax, m.a. uppfærslu á reglugerðum, birtingu fréttu o.fl. Fleiri taka undir þetta og leggja þarf áherslu á að virkja upplýsinganefnd betur. Samþykkt var að vísa tillögunni til allsherjarnefndar.

Þinghlé og nefndarstörf hófust kl. 18:55 og stóðu í u.þ.b. 50 mínútur. Í þinghléi voru bornar fram veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum.

Hannes Jón Hannesson tók til máls fyrir hönd allsherjarnefndar. Jóhann Ágúst Jóhannsson leggur til að skipuð verði upplýsinganefnd með a.m.k. 2 - 3 einstaklingum. PMP segir að erfitt sé að fá fólk til starfa, lítil þátttaka og oft á tíðum lítil virkni í nefndunum. Skv. reglum KLÍ eiga að vera a.m.k. 2 í upplýsinganefnd, reglugerðin er sem sagt til. Það eru tilmæli frá allsherjarnefnd að nefndin sé fullmönnuð og bætt verði úr þessum málum sem fyrst. Mælt er til að þeir sem hafa áhuga á að starfa í nefndum gefi sig fram við formenn sinna félaga.

Ásgrímur Helgi Einarsson tók til máls fyrir hönd laga- og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 2 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða.

3. grein - Deildakeppni karla - a) Niðurröðun í deildir.

Tillagan hljóðar svo: „Allar deildir skulu spilaðar í 3 manna liðum og skal leikið þannig að gestalið stillir fyrst upp sínu liði og heimalið stillir síðan upp sínu liði. Skal gestalið svo hliðrast til milli leikja þannig að í fyrsta leik eru leikmenn í röð A-B-C, í öðrum leik eru leikmenn í röð C-A-B og í þriðja leik eru leikmenn í röð B-C-A“.

Ef þessi tillaga yrði felld þá komu eftirfarandi tillögur úr nefnd:

a) Karladeildir + 1. deild kvenna verði skipaðar þriggja manna liðum.

b) 1. deild karla og 1. deild kvenna verði skipaðar þriggja manna liðum.

c) Einungis 1. deild karla verði skipuð þriggja manna liðum. Nokkrar umræður urðu um fækkun í liðum, leiktími verður styttri og jafnvel verði fjölgun liða. Margir telja æskilegt að hafa allar deildir eins, m.a. vegna fréttáflutnings og telja þetta jafnframt skemmtilegra fyrirkomulag.

Þingskjal nr. 2, 3. grein a) um deildakeppni karla var borin upp og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða.

5. grein - Deildakeppni kvenna.

Tillagan hljóðar svo: „Allar deildir skulu spilaðar í 3 manna liðum og skal leikið þannig að gestalið stillir fyrst upp sínu liði og heimalið stillir síðan upp sínu liði. Skál gestalið svo hliðrast til milli leikja þannig að í fyrsta leik eru leikmenn í röð A-B-C, í öðrum leik eru leikmenn í röð C-A-B og í þriðja leik eru leikmenn í röð B-C-A“.

Þingskjal nr. 2, 5. grein um deildakeppni kvenna var borin upp og var hún samþykkt með 13 atkvæðum gegn 9.

7. grein - Stigagjöf.

Lagt er til að fyrir herra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fái lið eitt stig (í stað tveggja áður) og samtals sé því um 14 stig að ræða fyrir hverja viðureign liða (í stað 20 áður).

Þingskjal nr. 2, 7. grein um stigagjöf var borin upp og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða.

Því næst var **Þingskjal nr. 2 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða** borið upp í heild sinni og var það samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Þingskjal nr. 3 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Deildarbikar liða.

4. grein.

Lagt er til að ef riðlarnir eru þrír skal spila úrslitakeppni með tvöfalda umferð (í stað einfaldrar áður), tvö efstu liðin úr forkeppninni.

Tillaga kom úr nefnd um að áfram verði spiluð einföld umferð í úrslitum, en stigagjöf verði breytt þannig: 50 bónusstig fyrir sigur og 25 fyrir jafntefli – spilað round robin. Skor + bónusstig út veturinn gilda.

Tillaga nefndar var borin upp og var hún samþykkt með þorra atkvæða gegn fjórum.

Þingskjal nr. 4 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga.

4. grein.

Tillagan hljóðar svo: „Keppt er í 5 manna baker fyrirkomulagi þar sem hver keilari tekur 2 ramma í leik (fyrsti leikmaður tekur 1. og 6. ramma, annar leikmaður tekur 2. og 7. ramma o.s.frv.) Spilaðir eru tveir leikir í umferð á einu kvöldi á sama brautarparinu. Ekki er víxlað milli brauta fyrr en eftir fyrsta leikinn þannig að lið A spilar fyrri leikinn á vinstri braut og lið B á þeirri hægri en svo skipta þau um braut fyrir leik tvö.

Stigagjöf:

2 stig fást fyrir unnin leik og 2 stig fyrir heildarþinna eftir tvo leiki, samtals 6 stig í umferð“.

Tillagan fór í gegnum nefnd með þeim breytingum að bætt verði við að það lið sem talið er upp á undan byrjar á vinstri braut.

Breyting frá nefnd var samþykkt samhljóða.

Því næst var **Þingskjal nr. 4 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga** borið upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða.

**Þingskjal nr. 5 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Bikarkeppni liða.
4. grein.**

Lagt er til að tekin verði út setningin: „Lið í neðri deildum fær þó alltaf heimaleikinn til sín þar til komið er að undanúrslitum“.

Þingskjalið kom óbreytt úr nefnd.

**Þingskjal nr. 5 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um Bikarkeppni liða-
4. grein** var borið upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða.

**Þingskjal nr. 6 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um val á keilurum
ársins.**

Lagt var til að málinu verði vísað til millipinganefndar og var það samþykkt samhljóða.

Jón Grímsson tók til máls fyrir hönd fjárhagsnefndar – tekið var fyrir **þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun** og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Jóhann Ágúst Jóhannsson leggur fram eftirfarandi tillögu: „Einn fulltrúi hvers aðildarfélags KLÍ, ásamt fulltrúa úr stjórn KLÍ, sem verði formaður nefndarinnar, ásamt löglærðum aðila fari yfir, einfaldi, lagi og geri tillögur að breytingum á öllum reglugerðum KLÍ. Skal nefndin taka strax til starfa og skila af sér á þingi KLÍ 2016. Leitast skal við að Reglugerðir KLÍ standist þær kröfur sem gera má til sársambands innan ÍSÍ“.

Hann bendir á að það sé margt sem þurfi að endurskoða, t.d. reglur um aganefnd: Sá sem brýtur af sér þarf að hafa tök á að skýra sitt mál, refsistig fyrnast ekki, ekki er hægt að áfrýja úrskurði aganefndar o.fl. Einnig eru þversagnir í ýmsum öðrum reglum. Uppfæra þarf svo reglur miðað við 3ja manna lið, t.d. er ekki hægt að setja Íslandsmet í 3ja manna liðum o.fl.

Þingforseti leggur til að þessari tillögu verði vísað til stjórnar KLÍ og var það samþykkt samhljóða.

Hörður Ingi Jóhannsson leggur áherslu á að allar reglubreytingar verði settar inn á KLÍ síðuna sem allra fyrst. Einnig bendir hann á að dómari þurfi að vanda sig mjög áður en hann sendir inn skýrslu.

Hafþór Harðarson áréttar að viðkomandi sé látinn vita hafi hann verið kærður, en frétti það ekki frá aganefnd.

Ásgrímur H. Einarsson beinir því til stjórnar að laga þurfi KLÍ-síðuna, uppfæra, laga umhverfi síðunnar og einfalda það.

Þingforseti leggur til að upplýsinganefnd skili tillögum til stjórnar KLÍ um umbætur.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa í íþróttaping ÍSÍ.

Unnur Vilhjálmsdóttir tók til máls fyrir hönd kjörnefndar.

Sem aðalmenn til tveggja ára í stjórn KLÍ gefa Svanhildur Ólafsdóttir og Unnur Vilhjálmsdóttir kost á sér – samþykkt samhljóða. Sem aðalmaður til eins árs gefur Bjarni Páll Jakobsson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Sem varamenn til eins árs gefa Valgeir Guðbjartsson, Björn Kristinsson og Jóhannes R. Ólafsson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Varðandi val á fulltrúum og varafulltrúum á íþróttabing ÍSÍ – Þar sem þingið er ekki fyrir en efir 2 ár fellur þessi liður niður.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir en það eru: Guðni Steinar Gústafsson og Sírý Hrönn Haraldsdóttir og til vara: Pétur Helgason og Hjalti Ástbjartsson.

13. Þingslit.

Þórarinn Már Þorbjörnsson, formaður, þakkaði fráfarandi stjórn og öðrum fyrir samstarfið á árinu og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Að lokum þakkaði hann viðstöddum fyrir samstarfið á þinginu.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir unnin störf og sleit þinginu kl. 21:20.

Þingritari
Ragna Matthíasdóttir.